

Ræktunarmarkmið fyrir forystufé

Skilgreining á forystufé

Til að kind sé skilgreind sem „forystufé“ í skýrsluhaldsgrunninum Fjávís.is þarf hlutdeild erfðavísa frá hreinræktuðu forystufé að vera 2/3 (66,7%) eða meira. Kindur sem hafa 1/3 (33,3%) til 2/3 (66,6%) hluta erfðavísa sinna frá hreinræktuðu forystufé skulu skilgreindir sem „forystublendingar“.

Erfðafjölbreytileiki

Skipulag ræktunarstarfs fyrir forystufé skal miða að því að skyldleikarækt sé takmörkuð eins og kostur er. Áhættuafgerð m.t.t. riðumótstöðu er óæskileg. Stefnt skal að útrýmingu þeirrar arfgerðar.

Forystuhæfileikar og skap

Forystukindur skulu búa yfir góðum forystuhæfileikum, þ.e.a.s. að þær hafi hæfileika til að taka forystu í fjárrekstri og leiða hópinn. Forystukind skal vera athugul, róleg og kjörkuð.

Útlit

Stærð og sköpulag: Forystukindur skulu hafa fríðan haus með stór, skýr augu og skarplegan svip. Þær séu léttbyggðar en sterklegar. Tiltölulega stórar en þó fínlegar, háreistar og tignarlegar kindur. Fætur háir og réttir. Sköpulag forystukinda miðist við að þær eigi auðvelt með að hreyfa sig og séu hraustar og endingargóðar.

Litir: Viðhalda skal litafjölbreytileika í stofninum. Forystufé getur verið af öllum litum og litaafbrigðum.

Ull: Ullin skal vera fremur fínleg og mjúk. Ullarmagn gott og hreinleiki lita góður.

Hornalag: Forystufé getur bæði verið hyrnt og kollótt. Varast skal hornalag sem leitt getur til þess að horn vaxi í haus.

Afurðaeiginleikar

Forystuær skulu vera frjósamar og mjólkurlagnar. Æskilegt er að fullorðin forystuær sé að jafnaði tvílembd og mjólki auðveldlega tveimur eðlilega þroskuðum lömbum.

Leiðir að settu marki

Erfðafjölbreytileiki og skýrsluhald

Mikilvægt er að skráning ætternisgagna sé viðhöfð fyrir allt forystufé í landinu þannig að skyldleiki gripa sé þekktur. Í Fjávís.is þarf að vera hægt að halda sérstaklega utan um forystufé og hlutfall forystufjárblóðs eða hreinræktunarhlutfall hvers gripis. Skilgreindur sé grunnhópur í Fjávís.is með gripum sem taldir eru hreinræktað forystufé (100% forystublóð). Grunnskráin skal miðast við gripi fædda árið 2008 eða fyrr sem skilgreindir hafa verið sem hreinræktað forystufé. Hægt verður að bæta við gripum í grunnhópinn af þar til bærum aðila ef þörf þykir á.

Kindur sem skilgreindar eru sem forystukindur (hafa 66,7% eða meira forystublóð) og kindur sem skilgreindar eru sem forystublendingar (hafa 33,3%-66,6% forystublóð) skulu undanskildar afurðauppgjöri með kindum sem ekki teljast til forystufjár.

Til að stuðla að útrýmingu á áhættuarfgerð m.t.t. riðumótsstöðu er æskilegt að sem flestir gripir á sölusvæðum séu arfgerðargreindir.

Forystuhæfileikar, skap og útlit

Efla þarf sýningarhald á forystufé og þróa dómstiga sem tekur á forystuhæfni, skapferli og útliti. Þegar dómskalinn hefur verið fullmótaður þarf að vera hægt að skrá dóma í fjávís.is. Þá er æskilegt að bændur geti sjálfir metið forystuhæfni gripa, t.d. með því að geta skráð í fjávís hvort viðkomandi gripur sýni litla, einhverja eða mikla forystufjáreiginleika.

Afurðaeiginleikar

Stefnt skal að, við mat á frjósemi og mjólkurlagni forystufjár og forystublendinga, að sá hópur sé gerður upp sérstaklega í skýrsluhaldinu. Ekki skal unnið með skrokkgæðaeiginleika við ræktun forystufjár, enda er aukin holdasöfnun ekki markmið við ræktun forystufjár.